

Nr. 21-096 S 063 Óskráður gúmmibátur**Strandar**

Skipaskr.nr.

Smíðaður:

Útgerð:

Stærð:

Mesta lengd: Undir 6 m

Breidd: *Dýpt:*

Vél: Utanborðsmótor

Fjöldi skipverja: 4

Gögn:

Gögn RNSA

Gögn LHG

Málið afgreitt á fundi 30. maí 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 19. september 2021 var skemmtibáturinn á siglingu við Akurey á Faxaflóa. Veður: SA kaldi, rigning og svartamyrkur.

Á siglingunni sigldi báturinn yfir sker og utanborðsmótor bilaði, bátinn rak upp í fjöru á sunnanverðri Akurey. Bátsverjar lentu í sjónum en náðu að óska eftir aðstoð. Björgunarskipin Ásgrímur S. Björnsson og Sjöfn frá Reykjavík fóru til aðstoðar. Bátsverjar komust af sjálfsdáðum um borð aftur og voru ferjaðir í land og fengu aðhlyningu á spítala. Báturinn var dreginn til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Báturinn sem er skemmtibátur er ekki skráningarskyldur.
- Sjóferðin hafði staðið í um fjórar klst.
- Bátsverjar gerðu sér ekki grein fyrir veðri sem var í vændum.
- Þann 19. september var stórstreymt en skipverjar höfðu siglt sömu leið út og þeir komu til baka. (háfajara í kring um miðnætti)
- Bátnum var siglt á mikilli ferð til að forðast aðvífandi veður.
- Bátnum var siglt sunnan Akureyjar.
- Klukkan 21:33 óskuðu bátsverjar eftir aðstoð.
- Björgunarskip voru send á vettvang og mennirnir voru komnir í land kl 23:00.
- Bátsverjar voru allir í þurrbúningum.

Nefndarálit:

Ástæða slyssins er að bátnum var siglt á mikill ferð yfir grynningar.

Sérstök ábending:

Þrátt fyrir að bátar séu ekki skráningarskyldir ber stjórnendum þeirra að kynna sér veðurspár og þekkja til þess svæðis sem þeir sigla um.